

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1084

Dagsetning: 7. október 2025 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HP), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Sigurborg Jónsdóttir (SJ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Elín Eiríksdóttir vefstjóri sat fundinn undir lið 3. Lilja Björk Kristinsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu forstjóra, sat fundinn undir lið 4.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 30. september 2025 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir vikunnar

Umræður um fundi vikunnar hjá framkvæmdastjórn.

3. Fræðadagur HH

Elín Eiríksdóttir vefstjóri kom á fundinn til að ræða dagskrá Fræðadags HH, sem haldinn verður 14. nóvember.

4. Miðstöð rafrænnar þjónustu

Lilja Björk Kristinsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu forstjóra, kom á fundinn til að ræða áform heilbrigðisráðuneytisins um að stofna miðstöð sem sinna á rafrænni þjónustu í heilbrigðiskerfinu um áramót. Rætt var um hvaða verkefni geti færst frá HH til miðstöðvarinnar og áhrif þeirra breytinga á starfsemi stofnunarinnar.

5. Geðheilbrigðisþjónusta

Umræður um ýmis mál tengt geðteymum HH. Rætt var um forkönnun á því hvort rétt væri að flytja Geðheilsuteymi fangelsa til Landspítalans. Einnig fóru fram umræður um stöðu Geðheilsu miðstöðvar barna og bið eftir þjónustu.

6. Húsnæði Vegmúla

Rætt var um flutning Geðheilsuteymis taugaproskaraskana úr Vegmúla í Skaftahlíð og hvernig hægt sé að nýta rýmið sem teymið var í. Kanna þarf hvort Geðheilsuteymi vestur geti nýtt húsnæðið að hluta þar til endurbótum á húsnæði teymisins við Skúlagötu lýkur.

7. Starfsemisáætlun

Rætt var um vinnslu starfsemisáætlunar sem skila þarf til heilbrigðisráðuneytisins. Framkvæmdastjórn skipti með sér verkum og skipulagði vinnuna framundan.

8. Svæðisstjóraálag

Umræður um afleysingar fyrir svæðisstjóra og hvenær eðlilegt er að fagstjórar sem leysa af svæðisstjóra í lengri fjarveru fái álagsgreiðslur í samræmi við það. Farið var yfir samantekt á greiðslum á svæðisstjóraálagi vegna afleysinga sem SJ tók saman.

9. Stoðþjónusta

Rætt var um lausar stöður leiðtoga fasteignaþjónustu og leiðtoga innkaupa. Ákveðið var að auglýsa stöðurnar sem fyrst. Rætt var hvernig starfi leiðtoga fasteignaþjónustu verður sinnt þar til ráðið hefur verið í stöðuna.

10. Stöðvar í vanda

Umræður um stöðu Heilsugæslunnar Efra-Breiðholti. Illa hefur gengið að manna stöður lækna og stöðu fagstjóra lækninga. Ákveðið var að halda umræðum áfram á sér fundi um málefnið með framkvæmdastjórn, stjórnendum stöðvarinnar og stjórnendum Heilsugæslunnar Mjódd þann 14. október.

11. Opnun í Skógarhlíð

Upplýst var að heilbrigðisráðherra hefur staðfest komu í opunarhátíð fyrir starfsemi HH í Skógarhlíð 18. Til stendur að halda opunarhátíðina 14. október klukkan 14.

Aðgerðir og verkefni

- Halda þarf áfram samtali við heilbrigðisráðuneytið um verkefni miðstöðvar rafrænnar þjónustu, sjá lið 4.
Ábyrgð: SDM
- Vinna þarf áfram að því að kanna mögulegar breytingar á staðsetningu Geðheilsuteymis fangelsa, sjá lið 5.
Ábyrgð: ÍDH
- Kanna þarf hvernig hægt er að nota laust rými í Vegmúla, sjá lið 6.
Ábyrgð: ÍDH
- Vinna þarf starfsemisáætlun og skila til heilbrigðisráðuneytisins, sjá lið 7.
Ábyrgð: HÞ, SJ, RÓE, NSK, ÍDH
- Greina þarf áfram tölur vegna afleysinga, sjá lið 8.
Ábyrgð: SJ
- Auglýsa þarf stöður leiðtoga fasteignaþjónustu og leiðtoga innkaupa, sjá lið 9.
Ábyrgð: SJ
- Boða þarf fund með framkvæmdastjórn og stjórnendum heilsugæslustöðva HH í Breiðholti, sjá lið 10.
Ábyrgð: BJ

- Boða þarf gesti á opnunarhátíð og skipuleggja dagskrá, sjá lið 11.
Ábyrgð: BJ

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:50.